

Þýtt úr ensku:

(handskrifað) 6.

TRÚNAÐARMÁL

Dags: 3. SEPTEMBER 2009

Nr. (handskrifað-óskýrt) Lagt fram í Héraðsdómi
Reykjavíkur (handskrifað) 20/12 2010

KAUPÞING BANKI H.F.

og

KAUPSKIL E.H.F.

og

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

og

NÝJA KAUPÞING BANKI H.F.

FJÁRMÖGNUNARSAMNINGUR KAUPÞINGS

STAÐUR OG DAGS.: *Reykjavík, 20. 9. 17*
ÞÝÐANDI: ELLEN INGVAÐÓTTIR

DÓMTÚLKUR OG
LÖGG. SKJALAPÝÐANDI
FJÖLDI BLAÐS.: *22*

Ellen Ingvaðóttir

EFNISYFIRLIT

GREIN

BLAÐSÍÐA

1. SKILGREININGAR OG TÚLKUN
 2. ÁSKRIFT OG KAUPVERÐ
 3. UNDIRRITUNARDAGUR
 4. MILLIBILSTÍMABIL
 5. SKILYRÐI
 6. STAÐA EFTIR FJÁRMÖGNUN KAUPÞINGS
 7. FJÁRMÖGNUN KAUPÞINGS
 8. ÁBYRGÐ KAUPÞINGS
 9. FRAMSAL EIGNA
 10. TRÚNAÐUR
 11. TILKYNNINGAR
 12. SAMNINGURINN Í HEILD
 13. SJÁLFSTÆÐI EINSTAKRA GREINA
 14. FRÁVIK.
 15. ÚRRÆÐI OG AFSÖL
 16. ÁHRIF FJÁRMÖGNUNAR KAUPÞINGS
 17. KOSTNAÐUR OG ÚTGJÖLD
 18. TILKYNNINGAR
 19. SAMRIT
 20. RÁÐANDI LÖG OG LÖGSAGA
- FYLGISKJAL 1: ÁSKILIN ATRÍÐI
FYLGISKJAL 2: ÁREIÐANLEIKAKÖNNUNARADGANGUR
FYLGISKJAL 3: ÚTREIKNINGUR NETTÓHAGNAÐAR
FYLGISKJAL 4: YFIRLÝSING UM LAUSAFJÁRFYRIRGREIÐSLU
FYLGISKJAL 5: NÚLLVIRÐISEIGNIR

MILLI:

- (1) **KAUPSKIL EHF** (kennitala 580609-0150) með skráð aðsetur að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi (nefnist hér eftir („**KAUPÞING HOLDCO**“));
- (2) **KAUPÞING BANKI H.F.** (kennitala 560882-0419) með skráð aðsetur að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi („**KAUPÞING**“);
- (3) **ÍSLENSKA RÍKIÐ**, gegnum fjármálaráðuneytið (kennitala 550169-2829) með skráð aðsetur að Arnarhvíli, Reykjavík („**RÍKIÐ**“);
og
- (4) **NÝJA KAUPÞING BANKI H.F.** (kennitala 581008-0150) með skráð aðsetur að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi („**NÝJA KAUPÞING**“)

ÞARSEM:

- (A) 9. október 2008 skipaði FME skilanefnd samkvæmt 5. greint laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., með breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki („**Lög um fjármálafyrirtæki**“);
- (B) 18. október 2008 stofnaði ríkið Nýja Kaupþing;
- (C) 21. október 2008 ákvað FME á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki að færa tilteknar eignir og skuldbindingar frá Kaupþingi í Nýja Kaupþing;
- (D) 24. nóvember 2008 veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Kaupþingi heimild til greiðslustöðvunar til kröfuhafa, sem er enn í gildi;
- (E) Skilanefnd hefur þá lagalegu skyldu og markmið að hámarka virði eigna Kaupþings og að gæta hagsmuna kröfuhafa Kaupþings;
- (F) Ríkisstjórnin vinnur að því að tryggja stöðugt og virkt bankakerfi á Íslandi;
- (G) 17. júlí 2009 undirrituðu tilteknir aðilar skilmálasamning („**Skilmálasamningur**“);
- (H) Aðilarnir hafa samþykkt að gera og framkvæma tilteknar færslur með vísan til ofangreinds og að því er þetta varðar hafa aðilarnir gert og/eða samþykkt að gera:
 - (a) fjármögnunarsamning við ríkið sem er dagsettur á eða nálægt undirritunardegi en samkvæmt samningnum mun ríkið fjármagna Nýja Kaupþing með áskrift að áskriftarhlutabréfum ríkisins í greiðslu fyrir útgáfu ríkisins á ríkisskuldabréfum til Nýja Kaupþings („**Fjármögnun ríkisins**“); og
 - (b) hluthafasamning, fjármagnsgerning um eiginfjárbátt B, samning um vörslu og skilyrt virðisréttindi og samning um hlutfjárvalrétt með dagsetningu á eða nálægt undirritunardegi,

ásamt þessum fjármögnunarsamningi Kaupþings („**Samningurinn**“);

- (I) Frá og með undirritunardegi á ríkið 100% útgefna hluta í hlutafé Nýja Kaupþings, þ.e. 775.000.000 almennir hlutir sem það skrifaði sig fyrir 18. október 2008 eða nálægt þeim degi fyrir heildarskriftarverð ISK 775.000.000 ásamt áskriftarhlutum ríkisins;
- (J) Öll forskilyrði fyrir gerð þessa samnings og annarra viðskiptaskjala hafa verið uppfyllt;
- (K) Það er ætlun aðilanna, ef fjármögnunarskilyrði eru uppfyllt, að Kaupþing Holdco kaupí áskriftarhlutabréfin í greiðslu fyrir áskriftareignir; og
- (L) Það er ætlun aðilanna, ef fjármögnun Kaupþings er ekki lokið á eða fyrir afturköllunardaginn, að fjármögnunarsamningi Kaupþings og fjármögnun Kaupþings verði rift og úr gildi felld og að samningur um vörslu og skilyrt virðisréttindi og samningur um hlutafjárvalrétt taki gildi, hvor um sig með sínum skilmálum.

SAMÞYKKT ER:

1. SKILGREININGAR OG TÚLKUN

„**Áfallnir vextir**“ merkja heildarfjárhæð áfallinna vaxta á ríkisskuldabréfið á tímabilinu milli 22. október 2008 og fjármögnunardegi Kaupþings, samkvæmt skilmálum ríkisskuldabréfsins;

„**Samþykkt drög**“ merkir drög sem samþykkt eru af eða auðkennd af aðilunum vegna þessa samnings og undirrituð eða merkt upphafsstöfum í auðkenningarskyni af þeim eða fyrir hönd þeirra;

„**Skipunarbréf**“ merkir bréf í drögunum, dagsett á eða nálægt undirritunardegi, varðandi skipun stjórnenda í stjórn Nýja Kaupþings eins og kveðið er á um í grein 3.1 (f);

„**Virkur dagur**“ merkir dag, að frátöldum laugardegi eða sunnudegi, þar sem bankar í Reykjavík eru opnir fyrir almenn viðskipti;

„**Fjármögnunarskilmálar**“ hafa þá merkingu sem þeim er gefin í grein 5.1;

„**Samkeppniseftirlitið**“ merkir íslenska samkeppniseftirlitið (*Samkeppniseftirlitið*);

„**Kröfuhafar**“ merkir kröfuhafar Kaupþings;

„**Áreiðanleikakönnun kröfuhafa**“ merkir áreiðanleikakönnunina sem veita skal kröfuhöfum upplýsingar varðandi fjármögnun Kaupþings eins og kveðið er á um í grein 5.1;

„**Endurgjöf kröfuhafa**“ merkir upplýsingagjöf og viðbrögð kröfuhafa varðandi fjármögnun Kaupþings;

„**Áreiðanleikakönnun**“ merkir áreiðanleikakönnunina sem fer fram samkvæmt grein 5.1 í samningi þessum;

„**Neyðarlög**“ merkir íslensk lög um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði;

„**Veðbönd**“ merkir allar tryggingar, valrétti, hlutafé, kröfur eða önnur réttindi þriðja aðila, þar á meðal hvers konar forkaupsrétt;

„**Samningur um hlutafjárvalrétt**“ merkir valrétt til hlutafjár í drögunum sem gefinn er út af ríkinu til Kaupþings varðandi 90% af hlut ríkisins í Nýja Kaupþingi, dagsettur á eða nálægt undirritunardegi;

„**Samningur um vörslu og skilyrt virðisréttindi**“ merkir samning um vörslu og skilyrt virðisréttindi í drögunum sem dagsettur er á eða nálægt undirritunardegi;

„**FME**“ merkir íslenska fjármálaeftirlitið (Fjármálaeftirlitið);

„**Ríkisskuldabréf**“ hefur þá merkingu sem því er veitt í fjármögnunarsamningi ríkisins;

„Fjármögnunarsamningur ríkisins“ merki samninginn milli ríkisins og Nýja Kaupþings varðandi fjármögnun ríkisins;

„**Áskriftarhlutabréf ríkisins**“ merkir þá 11.870.833.333 almennu hluti í hlutafé Nýja Kaupþings sem gefin eru út á ríkið samkvæmt fjármögnun ríkisins;

„**Samstæða**“ merkir Nýja Kaupþing ásamt dótturfélögum þess hverju sinni;

„**Árshluti**“ hefur þá merkingu sem kemur fram í grein 3.1 (f);

„**Fjármögnunardagur Kaupþings**“ er sá dagur sem fjármögnun Kaupþings á sér stað, á eða fyrir endanlega daginn (Long Stop Date);

„**Yfirlýsing um lausafjáfyrirgreiðslu**“ merkir bréfið frá fjármálaráðuneytinu (ásamt viðbættu skilmálablaði (term sheet)) í því formi sem fram kemur í fylgiskjali 4;

„**Endanlegur dagur**“ merkir 31. október 2009 (eða annan slíkan dag sem aðilar kunna að koma sér skriflega saman um);

„**Efnislegt dótturfélag**“ merkir dótturfélag Nýja Kaupþings sem leggur til eða ber ábyrgð á meira en 10% af rekstrarhagnaði samstæðunnar á þriggja mánaða tímabilinu fyrir 31. júlí 2009 (eða ef samstæðan kaupir slíkt dótturfélag eftir dagsetningu samnings þessa, og það hefði lagt til eða verið ábyrgt fyrir meira en 10% af rekstrarhagnaði samstæðunnar á þriggja mánaða tímabili fyrir 31. júlí 2009 ef tillit hefði verið tekið til hagnaðar þess við ákvörðun á nettótekjur samstæðunnar á slíku þriggja mánaða tímabili.

„**Nettóhagnaður**“ merkir fjárhæð (sem getur verið neikvæð) nettótekna Nýja Kaupþings fyrir tímabili sem hefst 22. október 2008 og endar 30. september 2009 (að

báðum dögum meðtöldum) eins og samþykkt er eða ákveðið samkvæmt fylgiskjali 3 og sem, til að taka af allan vafa, skal:

- (i) innifela áfallna vexti;
- (ii) vera reiknuð samkvæmt endurskoðuðu fjárhagsyfirliti Nýja Kaupþings fyrir árið 2008; og
- (iii) að því marki að það stangist ekki á við ofangreinda málsgrein (ii) hér að ofan, vera reiknuð samkvæmt fjárhagsyfirlit Nýja Kaupþings dags. 30. júní 2009, 31. ágúst 2009 og 30. september 2009, sem hafa verið skoðuð af endurskoðendum Nýja Kaupþings (þó þau hafi ekki verið formlega samþykkt).
- (iv) þrátt fyrir ofangreinda liði (ii) og (iii), skal gera grein fyrir öllum atriðum sem hafa haft neikvæð áhrif á eigið fé Nýja Kaupþings fram að 30. september 2009 og sem ekki hefur verið tekið tillit til í rekstrarreikningi Nýja Kaupþings, þar á meðal og án takmarkana, mögulegum breytingum á eigin fé sem tengjast breytingum á virði erlendra gjaldmiðla.

„**Aðilar**“ merkja aðila að þessum samningi og „**Aðili**“ táknar hvern þeirra um sig;

„**Skilanefnd**“ táknar skilanefnd Kaupþings hverju sinni;

„**Skilað fjármagn**“ er skilgreint í grein 7.2;

„**Jöfnunarsamningur**“ merkir samninginn sem tengist tilteknum þáttum fjáruppgjörs milli Kaupþings og Nýja Kaupþings sem er dagsettur á eða nálægt undirritunardegi;

„**Hluthafasamningur**“ merkir samþykktan samning hluthafa sem dagsettur er á eða nálægt undirritunardegi sem kveður á um réttindi og skyldur tiltekinna aðila að því er varðar hlut þeirra í Nýja Kaupþingi og öðlast gildi á fjármögnunardegi Kaupþings;

„**Undirritunardagur**“ merkir dagsetningu samnings þessa;

„**Sparisjóðabankinn**“ merkir Sparisjóðabanka Íslands hf. (kennitala 681086-1379), með skráð aðsetur að Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík, Ísland;

„**SPM**“ merkir Sparisjóð Mýrasýslu (kennitala 610269-5409) með skráð aðsetur að Digranesgötu 2, 310 Borgarnes, Ísland;

„**SPRON skuldabréf**“ merkir skuldabréfið sem Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (kennitala 540502-2770) með skráð aðsetur að Lág múla 6, Reykjavík, Ísland („**SPRON**“) gaf út á Nýja Kaupþing sem greiðslu fyrir innistæður sem Nýja Kaupþing yfirtók;

„**Áskriftarhlutir**“ hafa þá merkingu sem kemur fram í grein 2.1;

„**Fjármagnsgerningur eiginfjárþáttar B**“ merkir fjármagnsgerning eiginfjárþáttar B samkvæmt samningi um fjármagnsgerning eiginfjárþáttar B sem heldur gildi sínu eftir fjármögnun Kaupþings;

„Viðskiptaskjöl“ merkir þennan samning ásamt fjármögnunarsamningi ríkisins, samningi um vörslu og skilyrt virðisréttindi, fjármagnsgerning eiginfjárbáttar B, hluthafasamning, jöfnunarsamning og samning um hlutafjárvalrétt;

„Framseldar eignir“ merkir eignir sem framseldar voru Nýja Kaupþingi frá Kaupþingi samkvæmt ákvörðun FME, dagsett 21. október 2008;

„Framseldar skuldir“ merkir skuldir framseldar voru Nýja Kaupþingi frá Kaupþingi samkvæmt ákvörðun FME, dagsett 21. október 2008;

„Afturköllunardagur“ merkir annað hvort daginn sem Kaupþing lýsir yfir að fjármögnunarskilyrði séu ekki uppfyllt og að ekki verði af fjármögnun Kaupþings eða endanlega daginn, ef fjármögnun Kaupþings hefur ekki átt sér stað fyrir endanlega daginn eða þann dag, eftir því hvor dagurinn er fyrir;

„Skriflegar samþykktir“ merkir skriflegar samþykktir sem ríkið hyggst undirrita á fjármögnunardegi Kaupþings í samþykktu formi, m.a., að auka hlutafé Nýja Kaupþings og að gefa út og úthluta Kaupþing Holdco áskriftarhlutum á fjármögnunardegi Kaupþings og færa síðan niður heimilað hlutafé Nýja Kaupþings.

2. ÁSKRIFT OG KAUPVERÐ

2.1 Kaupþing Holdco skuldbindur sig til áskriftar að almennum hlutum í hlutafé Nýja Kaupþings eins og þarf til að standa við skuldbindingar Kaupþings Holdco samkvæmt grein 6 („Áskriftarhlutir“) og Nýja Kaupþing samþykkir að gefa út slíka áskriftarhluti, samkvæmt ákvæðum og skilmálum samnings þessa, sem greiðslu fyrir áskriftareignir.

2.2 Nýja Kaupþing ábyrgist að á lúkningardegi verði áskriftarhlutir að fullu greiddir og án veðbanda.

2.3 Kaupþing Holdco ábyrgist að á lúkningardegi sé það eini lögmæti og raunverulegi eigandi áskriftarhlutanna og að áskriftarhlutirnir séu án veðbanda.

2.4 Kaupþing Holdco skal hafa rétt en ekki skyldu til (og í stað skyldu til að kaupa áskriftarhluti samkvæmt grein 2.1 í samningi þessum) að skrifa sig fyrir nægilegum fjölda almennra hluta þannig að það verði eigandi 90% útgefina almennra hluta í Nýja Kaupþingi. Verð á hlut skal vera sama verðið og hefði verið greitt fyrir áskriftarhluti samkvæmt grein 2.1. Ef Kaupþing Holdco nýtir þennan rétt, ber að breyta greinum þessa samnings sem lúta að beitingu réttar í grein 2.1 í samræmi við það.

3. UNDIRRITUNARDAGUR

3.1 Á undirritunardegi mun eftirtalið eiga sér stað (hafi það ekki þegar verið gert):
(a) Ríkið samþykkir fjármögnunarsamning ríkisins, gefur ríkisskuldabréfið út á Nýja Kaupþing og skrifar sig fyrir áskriftarhlutum ríkisins samkvæmt ákvæðum fjármögnunarsamnings ríkisins;

- (b) Nýja Kaupþing og ríkið skulu hafa útbúið skriflegu samþykktirnar í samþykktu formi;
- (c) Kaupþing og Nýja Kaupþing samþykkja samning um vörslu og skilyrt virðisréttindi sem öðlast gildi samkvæmt ákvæðum sínum á afturköllunardegi eða verður rift á fjármögnunardegi Kaupþings, eftir því sem við á;
- (d) Ríkið fullnustar samning um hlutafjárvalrétt sem ríkið varðveitir og lætur Kaupþing eftir á afturköllunardegi samkvæmt ákvæðum sínum, eða verður rift á fjármögnunardegi Kaupþings, eftir því sem við á;
- (e) Aðilar samþykkja hluthafasamninginn sem öðlast gildi á fjármögnunardegi Kaupþings samkvæmt ákvæðum sínum eða verður rift á afturköllunardegi, eftir því sem við á;
- (f) Aðilar samþykkja jöfnunarsamning sem öðlast gildi samkvæmt ákvæðum sínum; og
- (g) Við skipun skilanefndar mun ríkið tryggja að fimm nýir stjórnarmenn verði skipaðir í stjórn Nýja Kaupþings samkvæmt skipunarbréfunum („**Stjórnarmenn Kaupþings**“) fyrir tiltekið tímabil sem hefst á undirritunardegi og lýkur á fjármögnunardegi Kaupþings eða afturköllunardegi eftir því sem á við („**Millibilstímabil**“). Kaupþingi er heimilt að ákveða að skipta færri stjórnarmenn sem í því tilviki hafa fimm atkvæði alls í stjórninni. Ríkið mun ennfremur tryggja að stjórnin kjósi formann úr hópi stjórnarmanna sem hafi ekki úrslitaatkvæði ef atkvæði falla jafnt á millibilstímabilinu. Ríkið og Nýja Kaupþing skuldbinda sig til að breyta stofnsamþykktum Nýja Kaupþings eins og þörf krefur vegna þessa ákvæðis 3.1 (f).

4. MILLIBILSTÍMABIL

4.1 Á millibilstímabilinu skal Nýja Kaupþing ætíð sjá til þess að:

- (a) starfsemi verði með sama hætti og almennir starfshættir á sex mánaða tímabilinu fyrir undirritunardaginn og þá einkum skal ekki samþykkja eða fullgera nein mál eða viðskipti sem fyrirhuguð eru í fylgiskjali 1 í tengslum við Nýja Kaupþing eða önnur efnisleg dótturfélög án þess að fyrir liggi skrifleg heimild bæði ríkisins og Kaupþings (sem hvorki má stöðva né tefja með ósanngjörnum hætti); og
- (b) Kaupþing og Kaupþing Holdco og faglegir ráðgjafar þeirra og kröfuhafar hafi aðgengi til að framkvæma áreiðanleikakönnun eins og kveðið er á um í fylgiskjali 2.

5. SKILYRÐI

5.1 Áskriftarskuldbindingar Kaupþings og Kaupþings Holdco eru að öllu leyti skilyrtar uppfyllingu (eða afsali, ef sú er raunin) á þeim atriðum sem kveðið er á um hér fyrir neðan („**Fjármögnunarskilyrði**“).

- (a) Áreiðanleikakönnun verði lokið með fullnægjandi hætti sem og áreiðanleikakönnun kröfuhafa eins og kveðið er á um í fylgiskjali 2 samkvæmt sanngjarnri ákvörðun Kaupþings; og
 - (b) Endurgjöf kröfuhafa sé fullnægjandi að mati Kaupþings og ákvörðun skilanefndar að ráðast í fjármögnun Kaupþings.
- 5.2 Kaupþing, Kaupþing Holdco og skilanefndin kappkosta (þar á meðal og án takmarkana veitingu upplýsinga) að stuðla að uppfyllingu fjármögnunarskilyrða, ætíð með fyrirvara um geðþóttaákvörðun Kaupþings eins og fyrirhugað er í 5.1(b) hér að ofan, eins skjótt og auðið er og í öllum tilfellum fyrir endanlega daginn.
- 5.3 Kaupþingi er heimilt, fyrir sína hönd og Kaupþings Holdco, að falla frá fjármögnunarskilyrðunum að hluta eða í heild.
- 5.4 Allir aðilar skuldbinda sig til að tilkynna hinum aðilunum skriflega um allt sem mun eða kann að hindra að einhver fjármögnunarskilyrðanna verði uppfyllt á eða fyrir endanlega daginn, um leið og eftir verður tekið.
- 5.5 Ef einhver fjármögnunarskilyrðanna eru ekki tilhlýðilega uppfyllt eða þeim afsalað (ef sú er raunin) á eða fyrir endanlega daginn, verður þessum samningi og hluthafasamningnum tafarlaust rift og samningurinn um vörslu og skilyrt virðisréttindi og samningur um hlutfjárvalrétt öðlast gildi, báðir samkvæmt sínum ákvæðum.
- 5.6 Ef samningi þessum er rift samkvæmt grein 5.5 hætta réttindi og skyldur aðila samkvæmt samningi þessum nema annað sé tekið fram í samningi þessum.
- 5.7 Ríkið, Kaupþing og Nýja Kaupþing kappkosta að ná ásættanlegri niðurstöðu varðandi kaup Nýja Kaupþings á SPM. Í kjölfar fjármögnunar Kaupþings, ef kröfuhafar SPM fá hlutfjárvalrétt í Nýja Kaupþingi vegna samsetningar kröfuhafa SPM, skal þynna hluti ríkisins og Kaupþings Holdco hlutfallslega.
- 5.8 Ríkið veitir Nýja Kaupþingi skaðleysisyfirlýsingu (hold harmless letter) svipað þeirri yfirlýsingu sem veitt var vegna virðis skuldabréfs SPRON vegna virðis eignanna sem framseldar voru frá Sparisjóðabankanum.

6. STADA EFTIR FJÁRMÖGNUN KAUPÞINGS

- 6.1 Aðilar samþykkja að eftir fjármögnun Kaupþings samkvæmt samningi þessum, skuli fjármögnunin og eignarhaldsstrúktúr fjáreignar í Nýja Kaupþingi vera sem hér segir:
- (a) Ríkið skal hafa lagt fram í heild frá október 2008 35% af fjármögnun Nýja Kaupþings; og
 - (b) Kaupþing Holdco skal hafa lagt fram í heild 65% af fjármögnun Nýja Kaupþings;
 - (c) Að því er varðar þessa 6. grein, merkir „fjármögnun Nýja Kaupþings“ þá heildarfjármögnun sem þarf til að hækka eiginfjárhlutfall Nýja Kaupþings í 16% („Eiginfjárhlutfall“) á grundvelli áhættuvegens eignavirðis og ákvæðum reglna

um hlutfé Nýja Kaupþings sem eru í gildi á virka deginum fyrir fjármögnunardag Kaupþings.

- (d) 4% þar af („**Eiginfjárlutfall B**“) skal vera í formi fjármagnsgernings um eiginfjárlutfall B (nema FME geri kröfur um annað) á grundvelli áhættuvegens eignavirðis og ákvæðum reglna um hlutfé Nýja Kaupþings sem eru í gildi á virka deginum fyrir fjármögnunardag Kaupþings.
- (e) Hluttur ríkisins í Nýja Kaupþingi skal samanstanda af fjármagnsgerningnum um eiginfjárlutfall B í heild sinni (áskrift á pari) ásamt eftirstöðvum af 35% framlagi ríkisins í formi hlutaáskriftar.
- (f) Hluttur Kaupþings Holdco í Nýja Kaupþingi skal samanstanda alfarið af hlutfé og jafngilda í heild 100% mínus hlutfall af fullþynntu hlutfé í formi hluta ríkisins.

7. FJÁRMÖGNUN KAUPÞINGS

- 7.1 Eftir fjármögnun ríkisins og ef fjármögnunarskilyrði eru uppfyllt, fer fjármögnun Kaupþings fram á fjármögnunardegi Kaupþings að Borgartúni 19, 105 Reykjavík eða á þeim stað sem aðilar ákveða skriflega.
- 7.2 Á fjármögnunardegi Kaupþings (ef það hefur ekki þegar verið gert) verður eftirfarandi framkvæmt (nema aðilar samþykki annað ferli til að ná þeirri stöðu sem lýst er í grein 6):
 - (a) Nýja Kaupþing skal halda hluthafafund til að ákveða hlutfjárukningu í Nýja Kaupþingi og til að gefa út og úthluta Kaupþingi Holdco áskriftarhlutum;
 - (b) Á hluthafafundi sem vísað er til í (a) hér fyrir ofan skal Kaupþing Holdco skrifa sig fyrir áskriftarhlutum og sem greiðslu framselja Nýja Kaupþingi áskriftareignirnar;
 - (c) Á hluthafafundi sem vísað er til í (a) hér fyrir ofan skulu hluthafar Nýja Kaupþings ákveða um aukningu hlutfjár í Nýja Kaupþingi (þar sem allir hlutar verða í eigu ríkisins) sem greiðslu á framsali til ríkisins á höfuðstólsfjárhæð ríkisskuldabréfsins sem jafngildir fjárhæð a) höfuðstólsfjárhæð ríkisskuldabréfsins; mínus b) fjárhæðin sem verður áfram fjárfest (reiknað á grundvelli eiginfjárlutfalls og eiginfjárlutfalls B) sem hlutfé; plús eða mínus c) hlutfall nettóhagnaðar (reiknað 31. ágúst 2009) sem jafngildi hlut Kaupþings (núna 87%) eins og samþykkt er eða ákveðið samkvæmt fylgiskjali 4 („**Skilað hlutfé**“);
 - (d) Að því marki sem mögulegt er skal skilað hlutfé vera framsalshæft til ríkisins á fjármögnunardegi Kaupþings að frádreginni þeirri fjárhæð sem ríkið þarf til að skrifa sig fyrir fjármögnunargerningi eiginfjárlutfalls B (reiknað á grundvelli eiginfjárlutfalls B) sem Nýja Kaupþing heldur að fullu sem greiðslu fyrir útgáfu ríkisins á fjármögnunargerningi eiginfjárlutfalls B. Eftirstöðvar skilaðs hlutfjár skulu greiddar samkvæmt lið (i) hér fyrir neðan.
 - (e) Nýja Kaupþing sér um færslu Kaupþings Holdco í meðlimaskrá Nýja Kaupþings sem handhafa áskriftarhluta og færslu ríkisins í skrá yfir skuldabréf Nýja Kaupþings sem handhafa fjármögnunargernings eiginfjárlutfalls B;

- (f) Nýja Kaupþing skal halda stjórnarfund þar sem viðskiptin sem vísað er til í liðum (a) til (e) fara fram og öll fylgiskjöl og eyðublöð þar með skulu fullnustuð og undirrituð;
- (g) Nýja Kaupþing skal afhenda skilaneftinni, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, löggilt eintök af hlutafjárskrá Nýja Kaupþings;
- (h) Samningur um vörslu og skilyrt virðisréttindi og samningur um hlutafjárvalrétt skulu felldir úr gildi (eftir því sem við á) og hluthafasamningur öðlast gildi, í samræmi við ákvæði þeirra; og
- (i) Aðilar skulu hefja ferlið að koma sér saman um eða ákveða nettóhagnað. Innan fimm virkra daga frá ákvörðun nettóhagnaðar eða samkomulags þar um, skal Nýja Kaupþing framselja ríkinu höfuðstólstjárhæð ríkisskuldabréfsins sem jafngildi skiluðu hlutafé að frádregnum fjárhæðum sem þegar hafa verið leystar samkvæmt lið (d) hér að ofan;
(nefnist saman „Fjármögnun Kaupþings“).

7.3 Eftir fjármögnunardag Kaupþings og þegar gengið hefur verið frá endurskoðuðum reikningum fyrir 30. september 2009, skulu aðilar reikna nettóhagnað miðað við 30. september 2009. Þegar aðilar hafa komið sér saman um útreikning nettóhagnaðar skal fjárhæð skilaðs hlutafé breytt samkvæmt því vegna breytinga frá 21. ágúst 2009 með greiðslum milli viðkomandi aðila.

7.4 Ef ákvæði greinar 7.2 eru ekki uppfyllt á eða fyrir endanlega daginn, er aðilum ekki skylt að framkvæma fjármögnun Kaupþings og er heimilt, með einróma samkomulagi að:

- (a) Fresta fjármögnun Kaupþings (með því að fresta ákvæðum þessarar 7. greinar sem gilda um fjármögnun Kaupþings); eða
 - (b) halda áfram með fjármögnun Kaupþings eins og hagkvæmt þykir (án þess að takmarka réttindi sín og úrræði samkvæmt samningi þessum);
- eða, ef ekki næst einróma samkomulag, skulu aðilar líta á samning þennan sem riftan vegna brots á skilyrði (án þess að takmarka réttindi sín og úrræði samkvæmt samningi þessum).

7.5 Kaupþingi er heimilt, hvenær sem er fram að endanlega deginum, að lýsa yfir að það muni ekki framkvæma fjármögnun Kaupþings með skriflegri tilkynningu þess efnis til ríkisins.

7.6 Ef Kaupþing tilkynnir ekki ríkinu samkvæmt grein 7.5 eða ef ákvæði greinar 7.2 eru ekki uppfyllt á eða fyrir endanlega daginn, skal fjármögnunarsamningi Kaupþings og hluthafasamningi rift og samningurinn um vörslu og skilyrt virðisréttind og samningur um valrétt öðlast gildi, báðir samkvæmt ákvæðum sínum.

8. ÁBYRGÐ KAUPÞINGS

8.1 Sem greiðslu til ríkisins og Nýja Kaupþings við gerð þessa samning mun Kaupþing hér með óafturkræft og skilyrðalaust:

- (a) ábyrgjast gagnvart ríkinu og Nýja Kaupþingi fulla, tafarlausa og algera fullnustu af hálfu Kaupþings Holdco á öllum skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum; og
- (b) skuldbinda sig gagnvart ríkinu og Nýja Kaupþingi að hvenær sem Kaupþing Holdco stendur ekki við skuldbindingu þegar það er skylt eða í tengslum við samning þennan, að uppfylla tafarlaust skuldbindinguna að fenginni skriflegri beiðni, eins og það væri aðalloforðsgjafinn.

8.2 Ábyrgðin sem felst í þessari 8. grein er samfelld ábyrgð og gildir þar til staðið hefur verið við allar skuldbindingar Kaupþings Holdco samkvæmt samningi þessum. Hún er óháð hverju því veði sem ríkið og Nýja Kaupþing kunna hverju sinni að hafa fyrir skuldbindingum Kaupþings Holdco samkvæmt samningi þessum.

8.3 Ríkið og Nýja Kaupþing geta fullnustað ábyrgð þessa án þess að grípa fyrst til aðgerða eða málarekstur gagnvart Kaupþingi Holdco.

9. FRAMSAL EIGNA

Á sex mánaða tímabili sem hefst á undirritunardegi skulu framseldar eignir, sem skráðar voru á núllvirði í fyrsta efnahagsreikning Nýja Kaupþings og sem kveðið er á um í fylgiskjali 6 („Núllvirðiseignir“) framseldar aftur til Kaupþings ef Kaupþing óskar þess, núllvirðiseignir sem verða framseldar aftur á núllvirði án bóta skulu greiddast Nýja Kaupþingi.

10. TRÚNAÐUR

10.1 Að því frátöldu sem kveðið er á um í grein 10.2 skulu aðilar virða trúnað varðandi ákvæði viðskiptaskjalanna, allar upplýsingar varðandi Nýja Kaupþing og aðra aðila og allar upplýsingar sem aðilar hafa fengið eða aflað sér varðandi aðra aðila vegna samninga eða gerðar viðskiptaskjalanna.

10.2 Aðila er heimilt að upplýsa eða heimila birtingu á upplýsingum sem annars væru trúnaðarmál ef og að því marki:

- (a) sem lög kveða á um eða verðbréfaeftirlit, eftirlitsaðili eða ríkisstofnun;
- (b) sem upplýst er til faglegra ráðgjafa og/eða í tengslum við samninga og samþykki á fyrirkomulagi sem viðskiptaskjölun innihalda til kröfuhafa sinn (svo fremi að viðkomandi einstaklingar þurfi að virða trúnað varðandi slíkar upplýsingar); og
- (c) sem þær lenda á opinberum vettvangi með öðrum hætti en vegna brots aðila eða dótturfélaga aðila eða ráðgjafa á þessari 10. grein (þar á meðal vegna tilkynningar í samræmi við 10. grein).

svo fremi að eftir því sem framkvæmanlegt er að hinum aðilunum verði tilkynnt fyrirfram skriflega um birtingu trúnaðarupplýsinga samkvæmt þessari 10. grein.

10.3 Trúnaðarhömlur 10. greinar gilda áfram eftir riftingu samnings þessa samkvæmt grein 5.5 eða 7.3 án tímamarka.

11. TILKYNNINGAR

- 11.1 Að því frátöldu sem kveðið er á um í grein 11.2, er engum aðila heimilt að tilkynna neitt varðandi viðskiptaskjölunum án þess að fyrir liggi skrifleg heimild hinna aðilanna og verði slíkt samþykki hvorki hafnað né það tafið með óréttmætum hætti.
- 11.2 Aðila er heimilt að gefa yfirlýsingu varðandi viðskiptaskjölunum ef (og aðeins að því marki) þess er krafist í lögum viðkomandi lögsagnarumdæmis eða verðbréfaeftirlits, eftirlitsaðila eða ríkisstofnunar og gera þá allar réttmætar ráðstafanir miðað við aðstæður til að ná samkomulagi við hina aðilana um efni slíkrar yfirlýsingar áður en hún er birt.
- 11.3 Hömlur á yfirlýsingar í þessari 11. grein gilda áfram eftir riftingu samnings þessa samkvæmt grein 5.5 eða 7.3 án tímamarka.

12. SAMNINGURINN Í HEILD

Samningur þessi, ásamt viðskiptaskjölunum og öðrum skjölum sem vísað er til í samningi þessum eða viðskiptaskjali telst vera allur samningurinn milli aðilanna og kemur í stað fyrri samninga eða samkomulaga milli þeirra varðandi sölu og kaup á áskriftarhlutum.

13. SJÁLFSTÆÐI EINSTAKRA GREINA

Ef eitthvað ákvæði samnings þessa er eða verður ólögmaett, ógilt eða ófullnustuhæft að einhverju leyti samkvæmt lögum einhvers lögsagnarumdæmis, telst það skilið frá þessum samningi og aðilar skulu setja í stað þess ákvæði sem hefur álíka áhrif og sem næst verður komist hinu gallaða ákvæði. Önnur ákvæði verða áfram í fullu gildi í viðkomandi lögsagnarumdæmi og öll ákvæði halda gildi sínu í öðrum lögsagnarumdæmum.

14. FRÁVIK

Engar breytingar á samningi þessum eru gildar nema skriflegar og undirritaðar af aðilunum eða fyrir hönd þeirra.

15. ÚRRÆÐI OG AFSÖL

- 15.1 Ekkert afsal réttinda samkvæmt samningi þessum eða viðskiptaskjali telst gilt nema skriflegt sé. Ef annað er ekki tekið sérstaklega fram gildir afsal aðeins við þær aðstæður þar sem það er veitt.
- 15.2 Engin töf eða vanræksla aðila á nýtingu réttar eða úrræðis samkvæmt lögum eða samningi þessum telst afsal á slíkum rétti eða úrræði.
- 15.3 Einföld nýting eða hlutanýting réttar eða úrræðis samkvæmt samningi þessum útilokar ekki annað eða hamlar frekari nýtingu á slíkum rétti eða úrræði.
- 15.4 Réttindi og úrræði sem samningur þessi veitir eru stighækkandi og útiloka ekki réttindi eða úrræði sem lög kveða á um.

16. ÁHRIF FJÁRMÖGNUNAR KAUPÞINGS

Ákvæði þessa samnings og annarra viðskiptaskjala sem á eftir að fullnusta eftir fjármögnun Kaupþings eru áfram í fullu gildi þrátt fyrir fjármögnun Kaupþings, nema að því marki sem slík viðskiptaskjöl falli úr gildi vegna fullnustu á fjármögnun Kaupþings.

17. KOSTNAÐUR OG ÚTGJÖLD

Ef annað er ekki tekið sérstaklega fram skal hver aðili greiða eigin kostnað og útgjöld í tengslum við samningaviðræður, gerð og fullnustu samnings þessa og annarra viðskiptaskjala.

18. TILKYNNINGAR

18.1 Tilkynningar eða boðskipti sem veita skal samkvæmt eða í tengslum við samning þennan („Tilkynning“) skulu vera á ensku og skriflegar og undirritaðar af viðkomandi aðila eða fyrir hönd hans og merktar sem berist til hins aðilans. Tilkynningu má afhenda persónulega eða senda með símbréfi, forgreiddri ábyrgðarsendingu eða alþjóðlegum flutningsaðila á aðsetur eða símbréfsnúmer sem kveðið er á um í grein 18.3.

18.2 Tilkynning telst móttækin:

- (a) á afhendingartíma ef hún er afhent persónulega;
- (b) á sendingartíma ef hún er send með símbréfi;
- (c) tveimur (2) virkum dögum eftir póststimplun ef hún er send með forgreiddum ábyrgðarpósti; eða
- (d) þremur (3) virkum dögum eftir póststimpil ef send er með alþjóðlegum flutningsaðila,

að því tilskyldu að ef gild móttaka tilkynningar á sér stað eftir 6.00 PM eða er ekki á virkum degi, telst gild móttaka vera kl. 9.00 AM á næsta virka degi. Vísanir til tíma í þessari 18. grein eru miðaðar við staðartíma í landi móttakanda.

18.3 Heimilisföng og símbréfsnúmer fyrir tilkynningar eru:

(a) Nafn: Kaupþing Banki hf.

Aðsetur: Borgartúni 19, 105 Reykjavík Ísland
Berist til: Steinar Þór Guðgeirsson
Símbréfsnúmer: +354 444 6129
afrit til: Kaupskil ehf.

(b) Nafn: Kaupskil ehf.

Aðsetur: Borgartúni 19, 105 Reykjavík Ísland
Berist til: Steinar Þór Guðgeirsson
Símbréfsnúmer: +354 444 6129
afrit til: Kaupskil ehf.

(c)

Nafn: Fjármálaráðuneytið
Aðsetur: Arnarhvoll, 150 Reykjavík

Berist til: Ritara
Símbréfsnúmer: +354 562 8280

(d)

Nafn: Nýja Kaupþing banki hf.
Aðsetur: Borgartúni 19, 105 Reykjavík
Berist til: Finnur Sveinbjörnsson
Símbréfsnúmer: +354 444 5119
afrit til: Björk Þórarinsdóttir

18.4 Aðila ber að tilkynna öðrum aðilum um breytingar á aðsetri samkvæmt ákvæðum þessarar 18. greinar svo fremi að slík tilkynning gildi aðeins á seinna deginum sem tilgreindur er í tilkynningunni og fimm (5) virkum dögum eftir gilda móttöku.

19. SAMRIT

Samning þennan má fullnusta í samritum og er gildur þegar hver aðili hefur fullnustað samrit. Hvert samrit telst vera frumrit þessa samnings.

20. RÁÐANDI LÖG OG LÖGSAGA

20.1 Samningur þessi lýtur íslenskum lögum og er túlkaður samkvæmt þeim.

20.2 Aðilar samþykkja óafturkræft að íslenskir dómstólar hafi einir lögsögu til að leysa úr ágreiningi sem kann að verða vegna eða í tengslum við samning þennan og kærur vegna ágreinings má höfða fyrir slíkum dómstólum.

ÞESSU TIL VITNIS hafa aðilar fullnustað samning þennan eða valdið fullnustu hans af hálfu tilhlýðilegra lögmætra fulltrúa sinna.

Undirritað af
fyrir og fyrir hönd Kaupþings Banka hf. (*Ólæsileg handskrift*)

Undirritað af
fyrir og fyrir hönd Kaupþings Holdco. (*Ólæsileg handskrift*)

Undirritað af
fyrir og fyrir hönd Íslenska ríkisins. (*Ólæsileg handskrift*)

Undirritað af
fyrir og fyrir hönd Nýja Kaupþings Banka hf. (*Ólæsileg handskrift*)

FYLGISKJAL 1

ÁSKILIN ATRÍÐI

1. Framsal, ráðstöfun eða veiting valréttar verðandi efnislegan hluta eigna;
2. Gera efnislegar breytingar á eðli eða skipulagi starfsemi;
3. Hætta eða leggja af alla eða efnislegan hluta starfsemi;
4. Fá fé að láni eða stofna til skulda eða skuldbindinga með öðrum hætti en í venjulegum bankaviðskiptum;
5. Tilkynna, framkvæma eða greiða arð eða aðra úthlutun eða innlausn eða endurgreiðslu hluta eða víkjandi skuldar;
6. Stofna, úthluta eða gefa út hluti eða önnur verðbréf;
7. Stofna, gefa út eða veita valrétt eða rétt til áskriftar verðandi hlutafé; eða
8. Stofnun veðbanda á efnislegum eignum, önnur en í almennum rekstri eða í tengslum við lausafé gagnvart Seðlabanka Íslands og að því er varðar þessa 8. málsgrein. „Efnislegar eignir“ eru sérhverjar eignir eða flokkur eigna samstæðunnar sem í heild sinni tákna í samstæðureikningum samstæðunnar meira en 10% af heildareignum samstæðunnar.

nema þar sem slík mál eða viðskipti eru sérstaklega fyrirhuguð með þessum samningi eða öðru viðskiptaskjali.

FYLGISKJAL 2

ÁREIÐANLEIKAKÖNNUNARAÐGANGUR

Áreiðanleikakönnun skal vera með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði:

1. Nýja Kaupþing og ríkið samþykkja að á tímabilinu frá dagsetningu samnings þessa fram að afturköllunardeginum, skuli Nýja Kaupþing og ríkið halda áfram að heimila Kaupþingi og ráðgjöfum þess að framkvæma fjárhagslega, viðskiptalega, lagalega og tæknilega áreiðanleikakönnun á Nýja Kaupþingi eins og þörf krefur og með sanngirni í tengslum við fjármögnun Kaupþings. Þetta felur í sér réttmætan aðgang að lykilstarfsmönnum, ráðgjöfum, skrám, samningum, sérleyfum, o.s.frv. í Nýja Kaupþingi eða ríkinu sem Kaupþing telur nauðsynlegt til að geta tilhlýðilega lokið áreiðanleikakönnuninni.
2. Aðilar skulu gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að Kaupþing og ráðgjafar þess hafi samfelldan aðgang að nettóvirðismatsskýrslu Deloitte LLP, fyrsta hluta, nettóvirðismatsskýrslu Deloitte LLP, öðrum hluta, nettóvirðismatsskýrslu Oliver Wyman og viðskiptaáætlun og ítarlegu líkani stjórnar Nýja Kaupþings, svo fremi að aðilar undirriti trúnaðaryfirlýsingu og skaðleysissamninga.

Áreiðanleikakönnun kröfuhafa skal vera með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði:

3. Óháðir fjármálaráðgjafar sem kröfuhafa tilnefna og ráðgjafar Kaupþings sem fengið hafa heimild FME og Kaupþings til að framkvæma fjárhagslega, viðskiptalega, lagalega og tæknilega áreiðanleikakönnun á Nýja Kaupþingi (slíkir óháðir ráðgjafar sem kröfuhafar tilnefna og ráðgjafar („**Fjármálaráðgjafarnir**“) skulu hafa áfram eftirfarandi aðgang að upplýsingum varðandi Nýja Kaupþing:
 - a. Fullan aðgang að Intralinks-gagnaherberginu.
 - b. Fullan aðgang að nettóvirðismatsskýrslu Deloitte LLP, fyrsta hluta, nettóvirðismatsskýrslu Deloitte LLP, öðrum hluta og nettóvirðismatsskýrslu Oliver Wyman. Fjármálaráðgjafarnir verða að hafa undirritað skaðleysisyfirlýsingu og trúnaðarsamninga til að fá aðgang að viðkomandi skýrslum.
 - c. Fullur réttmætur aðgangur að stjórnarmönnum Nýja Kaupþings. Fjármálaráðgjafarnir kappkosta, þegar það er mögulegt, að leggja fram spurningar og umræðupunkta fyrir stjórnarmenn minnst tveimur dögum fyrir fund.
4. Kröfuhafar og ráðgjafar þeirra sem hafa undirritað trúnaðarsamninga við Kaupþing en ekki fengið heimild frá FME (slíkir kröfuhafar og ráðgjafar þeirra nefnast „Einkakröfuhafar“) eins og fyrirhugað er hér fyrir ofan, skulu áfram hafa rétt til að framkvæma fjárhagslega, viðskiptalega, lagalega og tæknilega áreiðanleikakönnun á Nýja Kaupþingi gegnum:
 - a. Takmarkaðan aðgang að Intralinks-gagnaherberginu eins og aðilar koma sér saman um.
 - b. Fullan aðgang að nettóvirðismatsskýrslu Deloitte LLP, fyrsta hluta, með þeim fyrirvara að kröfuhafar og ráðgjafar þeirra undirriti staðlaðar skaðleysisyfirlýsingar og trúnaðarsamninga fyrir aðgang að skýrslunni.

- c. Takmarkaðan aðgang að stjórn Nýja Kaupþings eins og aðilar koma sér saman um. Nýja Kaupþing skal í öllu falli bjóða upp á fund fyrir einkakröfuhafa með stjórn Nýja Kaupþings þar sem einkakröfuhafa geta lagt fram spurningar sem stjórnin svarar. Allar slíkar spurningar þarf að leggja fram þremur dögum fyrir fund.
5. Kröfuhafar sem hafa hvorki fengið heimild frá FME eins og fyrirhugað er hér fyrir ofan, né undirritað trúnaðarsamninga við Kaupþing sem einkakröfuhafar, skulu vera „Opinberir kröfuhafar“. Opinberir kröfuhafar sem óska eftir því skulu fá upplýsingapakka varðandi Nýja Kaupþing frá Kaupþingi. Aðilar koma sér saman um efni hans.

Kaupþingi er heimilt að veita opinberum kröfuhöfum takmarkaðan aðgang að Intralinks-gagnaherberginu.

6. Nýja Kaupþing skal gera fjárhagslegar, viðskiptalegar, lagalegar og tæknilegar upplýsingar tiltækar í efnislegu og rafrænu gagnaherbergi (rafræna gagnaherbergið nefnist „Intralinks-gagnaherbergið“). Kröfuhafar skulu beina beiðnum sínum um aðgang að gagnaherbergjunum til Kaupþings sem sér um nauðsynlegan aðgang að efnislega gagnaherberginu og Intralinks-gagnaherberginu.

FYLGISKJAL 3

ÚTREIKNINGUR Á NETTÓHAGNAÐI

1. ÚTREIKNINGUR Á NETTÓHAGNAÐI

- 1.1 Nýja Kaupþing afhendir Kaupþingi rekstrarreikning („P&L“) þar sem fram kemur nettóhagnaður Nýja Kaupþings á tímabilinu sem hefst 22. október 2008 og lýkur 30. september 2009 (að báðum dögum meðtöldum) innan 20 virkra daga frá 30. september 2009.
- 1.2 Kaupþing hefur 20 virka daga (frá og með fyrsta virka degi eftir afhendingu draga að rekstrarreikningi („Andmælatímabil“) til að samþykkja eða véfengja útreikning á nettóhagnaði. Ef Kaupþing véfengir nettóhagnaðartölu Nýja Kaupþings, ber því á andmælatímabilinu að birta Nýja Kaupþingi tilkynningu þess efnis sem setur fram ítarlegar ástæður fyrir véfengingu sinni („Véfengingartilkynning“).
- 1.3 Nýja Kaupþing sér til þess að Kaupþing og/eða endurskoðendur þess fái aðstoð og aðgang að upplýsingum eins og Kaupþing kann með réttu að óska eftir og/eða endurskoðendur þess til að ákvarða innan andmælatímabilsins hvort drögin að rekstrarreikningnum hafi verið réttilega útbúin og nettóhagnaður réttilega reiknaður.
- 1.4 Hafi Kaupþing ekki framvísað véfengingartilkynningu til Nýja Kaupþings á andmælatímabilinu eða ef, áður en andmælatímabilið er liðið, Kaupþing birtir Nýja Kaupþingi skriflega tilkynningu þess efnis að það samþykki útreikning á nettóhagnaði eins og fram kemur í drögum að rekstrarreikningi („Samþykkistilkynning“), verða drögin að rekstrarreikningi endanleg og bindandi fyrir Kaupþing og Nýja Kaupþing.
- 1.5 Nýja Kaupþing greiðir kostnað við gerð rekstrarreiknings og Kaupþing greiðir sinn kostnað við að endurskoða hann. Ef sérfræðingur tekur ekki annað fram í málsgrein 2, mun hvor aðili um sig bera allan kostnað sem þeir stofna til í tengslum við þetta fylgiskjal 3.
- 1.6 Ef Kaupþing leggur fram véfengingartilkynningu, ber Kaupþingi og Nýja Kaupþingi að kappkosta að ná samkomulagi um málið eða málin sem véfengd eru innan 10 virkra daga frá afhendingu slíkrar véfengingartilkynningar („Lausnartímabil“).
- 1.7 Ef samkomulag næst milli Kaupþings og Nýja Kaupþings áður en lausnartímabil er liðið varðandi öll ágreiningsatriði, skal Nýja Kaupþing innan fimm virkra daga frá slíku samkomulagi, afhenda eða framvísa Kaupþingi endurskoðaðan rekstrarreikning með áorðnum samþykktum breytingum. Endurskoðaður rekstrarreikningur og útreikningur á nettóhagnaði skal þá vera endanlegur og bindandi fyrir Kaupþing og Nýja Kaupþing frá dagsetningu afhendingar til Kaupþings.

2. TILVÍSUN TIL SÉRFRÆÐINGS

- 2.1 Sérfræðingurinn er einstaklingur sem skipaður er samkvæmt þessari 2. málsgrein til að leysa ágreining sem verður undir 1. málsgrein. Öll málefni þar sem ekki næst samkomulag um á lausnartímabilinu verða lögð fyrir sérfræðinginn til úrskurðar eftir umsókn Kaupþings eða Nýja Kaupþings þar að lútandi.

- 2.2 Kaupþing og Nýja Kaupþing koma sér saman um skipan óháðs sérfræðings til að gegna stöðu sérfræðingsins. Ef ekki næst samkomulag um það er aðilum heimilt að sækja um það til Héraðsdóms Reykjavíkur að skipa sérfræðinginn.
- 2.3 Kaupþing og Nýja Kaupþing verða að vinna saman og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skilmálar skipunar sérfræðingsins geri sérfræðingnum kleift að hafa áhrif og starfa samkvæmt ákvæðum þessarar 2. málsgreinar.
- 2.4 Sérfræðingurinn útbýr skriflegan úrskurð og tilkynnir (ásamt afriti) Kaupþingi og Nýja Kaupþingi um úrskurðinn innan 20 virkra daga hið mesta frá því að viðkomandi máli var vísað til sérfræðingsins (eða lengri tíma sem Kaupþing og Nýja Kaupþing kunna að semja við sérfræðinginn um).
- 2.5 Innan 5 virkra daga frá úrskurði sérfræðingsins ber Nýja Kaupþingi að afhenda Kaupþingi endurskoðaðan rekstrarreikning með þeim breytingum sem sérfræðingurinn hefur ákveðið. Endurskoðaður rekstrarreikningur og útreikningur nettóhagnaðar verður þar með endanlegur og bindandi fyrir Kaupþing og Nýja Kaupþing frá dagsetningu afhendingar hans til Kaupþings, ef um engar augljósar villur er að ræða.
- 2.6 Ef sérfræðingnum er ekki unnt af einhverjum ástæðum að aðhafast eða afhendir úrskurðinn ekki innan þess tíma sem tilgreindur er í mgr. 2.5, skulu Kaupþing og Nýja Kaupþing tryggja að annar sérfræðingur sé skipaður samkvæmt ákvæðum málsgrein 2.3.
- 2.7 Kaupþing og Nýja Kaupþing hafa rétt til að leggja eitt skriflegt framlag fyrir sérfræðinginn og verða að veita (eða tryggja að aðrir veiti) sérfræðingnum þá aðstoð og skjöl sem sérfræðingurinn kann að þurfa til að komast að niðurstöðu.
- 2.8 Að því marki sem ekki er kveðið á um í þessari 2. grein, er sérfræðingnum heimilt, með réttmætum geðþóttá, að ákvarða annað ferli til aðstoðar við gerð úrskurðarins sem hann telur réttmætt eða viðeigandi.
- 2.9 Kaupþing og Nýja Kaupþing skal eins skjótt og réttmætt má telja veita allar upplýsingar og veita aðgang að öllum gögnum og starfsfólki eftir þörfum til að útbúa framlag samkvæmt þessari 2. málsgrein.
- 2.10 Sérfræðingurinn starfar sem sérfræðingur en ekki sem gerðardómari. Sérfræðingurinn úrskurðar um allan ágreining sem verður í tengslum við ákvæði 1. málsgreinar. Skriflegur úrskurður sérfræðingsins um mál sem vísað er til hans er bindandi og endanlegur ef um engar augljósar villur er að ræða.
- 2.11 Kaupþing og Nýja Kaupþing bera eigin kostnað í tengslum við sérfræðinginn. Þóknun sérfræðingsins og kostnaður sem hann stofnar til við gerð úrskurðarins (þar á meðal þóknunir og kostnaður við ráðgjafa sem sérfræðingurinn tilnefnir) verður greiddur af Nýja Kaupþingi eða í þeim hlutföllum sem sérfræðingurinn mælir fyrir um.

FYLGISKJAL 4

YFIRLÝSING UM LAUSAFJÁRFYRIRGREIÐSLU

FYLGISKJAL 5

NÚLLVIRÐISEIGNIR

Kennitala	Heiti viðskiptavinar
5603891409	Baugur Group hf.
6802012260	BG Newco 5 ehf
6012730129	F-Capital ehf.
690144070	MB Holding ehf.